

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
193. fundur – 4. september 2014**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 4. september 2014. Vettvangsskoðun vegna loftgæðavöktunar, vatnsverndar og neysluvatns. Ferðin hófst kl. 13.30 að Garðatorgi 5, Garðabæ. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Tore Skjenstad, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

1 Umhverfisvöktun

Vöktun merkir kerfisbundna og síendurtekna skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu. Til umræðu voru skyldur heilbrigðisnefndar og hlutverk sveitarstjórna við umhverfisvöktun í sínu nær umhverfi og var farið um eftirlitsvæðið og skoðaðar aðstæður.

1.1 Loftgæði

Loftgæðavöktun fer fram á svæðinu í því skyni að vinna gegn loftmengun og skaða af hennar völdum og til að hafa eftirlit með framvindu og loftgæða. Skoðaðar voru aðstæður við loftgæðavöktunina að Norðurellu 2 og Dalsmára í Kópavogi.

1.1.1 Norðurellu 2, Hafnarfirði – loftgæðamælingar

Sigurður Haraldsson, sviðstjóri, sýndi aðstöðuna á lóð Norðurellu 2 í Hafnarfirði. Mælistöðin er staðsett þar á athafnasvæði milli iðnaðarsvæðis og íbúðabyggðar. Mælingarnar byggjast á ryksöfnun og fara sýnishornin síðan til frekari mælinga á rannsóknarstofur. Um rauntíma upplýsingar er því ekki að ræða heldur eru mæliniðurstöður birtar almennings og stjórnvöldum eftir tímabilum. Önnur mælistöð er á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði, þar sem fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan. Mældur er styrkur brennisteins-vetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða og svifryks í andrúmslofti. Rauntímamælingar eru birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins Einnig er styrkur flúors í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti en tækni er ekki til að birta rauntímamælingar.

1.1.2 Dalsmári Kópavogi - loftgæðamælingar

Kópavogsbær hefur falið heilbrigðiseftirlitinu rekstur færanlegrar mælistöðvar sem nú er staðsett við Dalsmára í Kópavogi. Mælingar fara fram á styrk brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðum og svifryki í andrúmslofti og eru rauntímamælingar birtar á vef heilbrigðiseftirlitsins.

1.2 Vatnsverndarsvæði og neysluvatni

1.2.1 Vatnsveita Hafnarfjarðar.

Dagur Jónsson, vatnsveitustjóri, sýndi mannvirkin í Kaldárbotnum og neysluvatnsgeyminn við Fjóluás.

1.2.2 Vatnsveita Kópavogs

Magnús Bjargarson, vatnsveitustjóri, sýndi mannvirkin í Vatnsendakrikum og neysluvatnsgeyminn við Heimsenda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00

Fjöltnir Sæmundsson

Hörður Svavarsson

Svava H. Guðmundsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Jón Haukur Ingvason